

Úrskurðar- og réttarræði

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Viðskiptavinur getur skotið ágreiningi til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, Höfðatún 2, 105 Reykjavík. Netfang nefndarinnar er urskfjarm@fme.is og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Upplýsinga- og leiðbeiningaþjónusta Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið veitir viðskiptavinum eftirlitskyldra aðila upplýsingar og leiðbeiningar í síma 520 3700 á þriðjudögum kl. 10-11 og fimmtudögum kl. 14-15. Einnig er hægt að senda tölvupóst á fyrirspurn@fme.is. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Neytendastofa

Neytendastofa er ein þeirra eftirlitsstofnana sem hafa eftirlit með viðskiptalífinu og lögum frá Alþingi sem sett eru vegna öryggis og réttinda neytenda. Á heimasíðu Neytendastofu er m.a. unnt að nálgast upplýsingar um það í hvaða tilvikum og með hvaða hætti neytendur geta leitað til stofnunarinnar, telji þeir að réttur sé á þeim brotinn. Sjá nánar á www.neytendastofa.is.

Dómstólar

Aðilar geta leitað réttar síns fyrir almennum dómstólum hafi ágreiningsefnið ekki verið undanþegið lögsögu þeirra með lögum eða samningi. Bent er á að Lögmannafélag Íslands býður almenningi ókeypis lögmannsaðstoð. Sjá nánar á vef Lögmannafélags Íslands – LMFÍ, www.lmfi.is.